

Eineltisstefna Ferðamálastofu

1. Stjórnendum Ferðamálastofu ber skylda til að taka á einelti komi það upp hjá stofnuninni. Einelti getur komið upp á öllum vinnustöðum og getur það haft víðtæk áhrif á þá sem fyrir því verða, bæði andleg og líkamleg. Auk þess sem það hefur oft neikvæð áhrif á starfsanda og vellíðan annarra starfsmanna á vinnustaðnum. Einelti getur átt sér stað milli samstarfsmanna og/eða milli starfsmanna og stjórnenda.
2. Það er stefna Ferðamálastofu að starfsumhverfi starfsmanna sé gott út frá andlegu og líkamlegu sjónarmiði og að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni verði undir engum kringumstæðum umborin hjá stofnuninni.
3. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti er einelti skilgreint sem síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.
4. Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli í þessu sambandi. Sérhver þolandi verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber, frá hverjum og segja frá sé honum misboðið.
5. Skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli starfsmanna eða stjórnanda og starfsmanns/starfsmanna, telst ekki einelti enda leiði slíkur skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstrar ekki til þeirrar háttsemi sem lýst er hér að framan.
6. Stríðni, sem allir hlutaðeigandi telja meinlausa eða tilfallandi árekstrar teljast ekki til eineltis.
7. Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé virkt og áhersla lögð á góð samskipti. Ólíkum einstaklingum skal sýnt umburðarlyndi og fordómar eru ekki liðnir. Tekið skal á vandamálum sem upp koma og viðbrögð skulu vera markviss. Lausna er leitað í stað þess að grafa vandamál í þögn. Ólíklegra er að einelti eigi sér stað innan stofnana þar sem starfsandi einkennist af virðingu og umburðarlyndi.

8. Nýjum starfsmönnum skal kynnt stefna og viðbragðsáætlun FMS í eineltismálum við upphaf starfs.

9. Tekið verður á fölskum ásökunum um einelti af sömu festu og um einelti almennt.

10. Aðgerðaráætlun og forvarnarstefna Ferðamálastofu um meðferð alvarlegra mál sem upp kunna að koma hjá stofnuninni er hluti af eineltisstefnu þessari.

Eineltisstefna Ferðamálastofu var samþykkt þann 15.04.2011.

Endurskoðuð eineltisstefna Ferðamálastofu var samþykkt 15.11.2018.